

Mál nr. 393/2018

M og
V vegna slysaftryggingar launþega A hjá V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna bakmeiðsla

Gögn.

Málskot móttækið 4.12.2018 ásamt fylgiskjölum 1-23.
Bréf V dags. 20.12.2018.

Málsatvik.

Hinn 10. febrúar 2016, þegar M var við vinnu sína hjá A, fékk hann tak eða verk í bakið við að lyfta 40 kg. kassa af kjöti. Síðan þá hefur M m.a. fundið fyrir verkjum í mjóbaki, dofa í læri og verkjum niður í kálfa. Hefur M verið óvinnufær síðan atvikið átti sér stað og ræður einungis við létt heimilisstörf vegna verkja, stirðleika og örðugleika við hreyfingar. Hefur M nú farið í gegnum örorkumat og verið úrskurðaður óvinnufær með öllu.

V hafnaði bótaskyldu úr slysaftryggingu launþega sem A var með hjá félaginu á grundvelli þess að ekki hefði verið um skyndilegan, utanaðkomandi atburð að ræða. Því félli atvikið utan slyshugtaks launþegaftryggingarinnar. M mótmælir þeirri afstöðu V að ekki hafi verið um slys að ræða og krefst bóta úr slysaftryggingu launþega A hjá V.

Álit:

Ekki liggur annað fyrir en að M hafi verið við venjubundin störf hjá A þegar hann meiddist í bak. Þannig er ekkert í málskoti M eða öðrum gögnum málsins sem bendir til þess að aðstæður hafi með einhverjum hætti verið óvenjulegar, og að um óvæntan, utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða. Ekki hefur því verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt þeirri skilgreiningu sem er að finna í skilmálum slysaftryggingar launþega, en þar er áskilið að um „skyndilegan og utanaðkomandi atburð“ sé að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega sem A var með í gildi hjá V.

Reykjavík 15. janúar 2019
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir